

## Tilgangur og markmið

Launastefna Ístex miðar að því að styðja mannauðsstefnu Ístex og laða að starfsfólk sem styrkir félagið.

## Áherslur

Ístex hf. greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem gerðar eru um reynslu, þekkingu, hæfni og ábyrgð. Ístex virðir kjarasamninga og frelsi starfsmanna um val á lífeyrissjóði og stéttarfélagi. Launaákvæðanir skulu byggðar á málefnalegum forsendum í samræmi við fyrirbyggjandi starfslýsingar þar sem fram koma þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi starfs. Unnið skal stöðugt að því að útrýma óútskýrðum launamun sé hann til staðar.

## Jafnrétti

Launastefna þessi er jafnframt jafnlaunastefna. Jöfn laun eru greidd fyrir jafnverðmæt störf. Tryggja skal öllum jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, endurmenntunar og starfsþjálfunar í samræmi við gildandi lög og reglur. Ístex vinnur eftir jafnréttisáætlun.

Ístex hf. skuldbindur sig til að

- Innleiða vottað jafnlaunastjórnunarkerfi sem byggist á staðlinum ÍST 85
- Framkvæma innri úttektir og rýni jafnlaunakerfi árlega
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti
- Fylgja gildandi lögum og reglum og staðfesta árlega að þeim sé hlítt
- Kynna jafnlaunastefnuna fyrir starfsfólki
- Hafa stefnu aðgengilega á vefsíðu félagsins

## Ábyrgð

Framkvæmdastjóri ber formlega ábyrgð á öllum launatengdum ákvörðunum og gætir þess að samræmis sé gætt við alla ákvörðunartöku og tryggir að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf. Þessi stefna nær til alls starfsfólks Ístex.

Fyrir hönd Ístex,



**Sigurður Sævar Gunnarsson**

Framkvæmdastjóri